

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI LYFS

Inlyta 1 mg filmuhúðaðar töflur
Inlyta 3 mg filmuhúðaðar töflur
Inlyta 5 mg filmuhúðaðar töflur
Inlyta 7 mg filmuhúðaðar töflur

2. INNIHALDSLÝSING

Inlyta 1 mg filmuhúðaðar töflur

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 1 mg af axitinibi.

Inlyta 3 mg filmuhúðaðar töflur

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 3 mg af axitinibi.

Inlyta 5 mg filmuhúðaðar töflur

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 5 mg af axitinibi.

Inlyta 7 mg filmuhúðaðar töflur

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 7 mg af axitinibi.

Hjálparefni með þekkta verkun:

Inlyta 1 mg filmuhúðuð tafla

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 33,6 mg af laktósaeinhýdrati.

Inlyta 3 mg filmuhúðuð tafla

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 35,3 mg af laktósaeinhýdrati.

Inlyta 5 mg filmuhúðuð tafla

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 58,8 mg af laktósaeinhýdrati.

Inlyta 7 mg filmuhúðuð tafla

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 82,3 mg af laktósaeinhýdrati.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Filmuhúðuð tafla (tafla).

Inlyta 1 mg filmuhúðaðar töflur

Rauð sporöskjulaga filmuhúðuð tafla með ígreypu „Pfizer“ á annarri hlið og „1 XNB“ á hinni.

Inlyta 3 mg filmuhúðaðar töflur

Rauð sporöskjulaga filmuhúðuð tafla með ígreypu „Pfizer“ á annarri hlið og „3 XNB“ á hinni.

Inlyta 5 mg filmuhúðaðar töflur

Rauð sporöskjulaga filmuhúðuð tafla með ígreypu „Pfizer“ á annarri hlið og „5 XNB“ á hinni.

Inlyta 7 mg filmuhúðaðar töflur

Rauð sporöskjulaga filmuhúðuð tafla með ígreypu „Pfizer“ á annarri hlið og „7 XNB“ á hinni.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Inlyta er ætlað til meðferðar við langt gengnu nýrnakrabbameini hjá fullorðnum sjúklingum, eftir að fyrri meðferð með sunitinibi eða cytókínunum hefur brugðist.

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Læknir með reynslu af notkun krabbameinslyfja ætti að annast meðferð með Inlyta.

Skammtar

Ráðlagður skammtur af axitinibi er 5 mg tvisvar á sólarhring.

Halda á meðferð áfram svo lengi sem klínískur ávinningur sést eða þar til óásættanleg eituráhrif koma fram, sem ekki er hægt að halda í skefjum með samtímis notkun annarra lyfja eða skammtaaðlögun.

Ef sjúklingur kastar upp eða missir af skammti á ekki að taka uppbótarskammt. Næsta skammt skal taka á venjulegum tíma.

Skammtaaðlögun

Aukning eða minnkun skammta skal byggð á öryggi og þoli hjá hverjum sjúklingi.

Hjá sjúklingum sem þola 5 mg upphafsskammt af axitinibi tvisvar á sólarhring án aukaverkana sem eru af stigi 2 eða verri (þ.e. án alvarlegra aukaverkana samkvæmt 3. útgáfu aukaverkanaviðmiða bandarísku krabbameinsstofnunarinnar (Common Terminology Criteria for Adverse Events, CTCAE)) í tvær vikur samfellt má auka skammtinn í 7 mg tvisvar á sólarhring nema blóðþrýstingur sjúklingsins sé >150/90 mmHg eða sjúklingurinn fái meðferð við háþrýstingi. Út frá sömu viðmiðum er síðar hægt að auka skammtinn í að hámarki 10 mg tvisvar á sólarhring hjá sjúklingum sem þola 7 mg af axitinibi tvisvar á sólarhring.

Meðhöndlun tiltekinna aukaverkana getur krafist þess að notkun lyfsins sé hætt tímabundið eða fyrir fullt og allt og/eða skammtar af axitinibi séu minnkaðir (sjá kafla 4.4). Ef nauðsynlegt er að minnka skammta er hægt að minnka þá í 3 mg af axitinibi tvisvar á sólarhring og enn frekar í 2 mg tvisvar á sólarhring.

Ekki er þörf á skammtaaðlögun vegna aldurs, kynþáttar, kyns eða líkamspyngdar.

Samtímis notkun öflugra CYP3A4/5 hemla

Samtímis notkun axitinibs og öflugra CYP3A4/5 hemla getur aukið þéttni axitinibs í plasma (sjá kafla 4.5). Ráðlagt er að velja lyf til samtímis notkunar sem hafa lítil eða engin hamlandi áhrif á CYP3A4/5.

Þó skammtaaðlögun axitinibs hafi ekki verið rannsökuð hjá sjúklingum sem fá öfluga CYP3A4/5 hemla er ráðlagt að minnka skammta af axitinibi í u.þ.b. helming (t.d. ætti að minnka 5 mg upphafsskammt tvisvar á sólarhring í 2 mg tvisvar á sólarhring) ef nauðsynlegt er að nota öflugan CYP3A4/5 hemil samtímis. Meðhöndlun tiltekinna aukaverkana getur krafist þess að notkun axitinibs sé hætt tímabundið eða fyrir fullt og allt (sjá kafla 4.4). Ef hætt er að nota öfluga CYP3A4/5 hemilinn samtímis axitinibi ætti að íhuga að breyta aftur í þá axitinib skammta sem notaðir voru fyrir notkun hans (sjá kafla 4.5).

Samtímis notkun öflugra CYP3A4/5 virkja

Samtímis notkun axitinibs og öflugra CYP3A4/5 virkja getur minnkað þéttni axitinibs í plasma (sjá kafla 4.5). Ráðlagt er að velja lyf til samtímis notkunar sem hafa lítil eða engin örvandi áhrif á CYP3A4/5.

Þó skammtaaðlögun axitinibs hafi ekki verið rannsökuð hjá sjúklingum sem fá öfluga CYP3A4/5 virkja er ráðlagt að auka skammta af axitinibi smám saman ef nauðsynlegt er að nota öflugan CYP3A4/5 virkja samtímis. Greint hefur verið frá því að hámarksörvun af völdum stórra skammta af öflugum CYP3A4/5 virkjum komi fram innan viku eftir að meðhöndlun með virkjanum hefst. Ef skammtur af axitinibi er aukinn þarf að fylgjast vandlega með eituráhrifum. Meðhöndlun tiltekinna aukaverkana getur krafist þess að notkun axitinibs sé hætt tímabundið eða fyrir fullt og allt (sjá kafla 4.4). Ef hætt er að nota öfluga CYP3A4/5 virkjann samtímis axitinibi ætti tafarlaust að breyta aftur í þá axitinib skammta sem notaðir voru fyrir notkun hans (sjá kafla 4.5).

Sérstakir sjúklingahópar

Aldraðir (≥ 65 ára)

Ekki er þörf á skammtaaðlögun (sjá kafla 4.4 og 5.2).

Skert nýrnastarfsemi

Ekki er þörf á skammtaaðlögun (sjá kafla 5.2). Litlar sem engar upplýsingar liggja fyrir um meðferð með axitinibi hjá sjúklingum með kreatínín úthreinsun < 15 ml/mín.

Skert lifrastarfsemi

Ekki er þörf á skammtaaðlögun þegar sjúklingar með vægt skerta lifrastarfsemi (Child-Pugh flokkur A) fá axitinib. Skammtaminnkun er ráðlögð þegar sjúklingar með miðlungi skerta lifrastarfsemi (Child-Pugh flokkur B) fá axitinib (t.d. ætti að minnka upphafsskammt úr 5 mg tvisvar á sólarhring í 2 mg tvisvar á sólarhring). Axitinib hefur ekki verið rannsakað hjá sjúklingum með alvarlega skerta lifrastarfsemi (Child-Pugh flokkur C) og ætti ekki að nota lyfið hjá þessum sjúklingahópi (sjá kafla 4.4 og 5.2).

Börn

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun Inlyta hjá börnum og unglingum < 18 ára. Engar upplýsingar liggja fyrir.

Lyfjagjöf

Axitinib er til inntöku. Taka á töflurnar inn tvisvar á dag með u.þ.b. 12 klukkustunda millibili, með eða án fæðu (sjá kafla 5.2). Það á að gleypa þær heilar með glasi af vatni.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir axitinibi eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Fylgjast á með tilteknum kvillum áður en meðferð með axitinibi hefst og öðru hvoru meðan á henni stendur eins og lýst er hér að neðan.

Tilvik hjartabilana

Í klínískum rannsóknum á notkun axitinibs til meðferðar við nýrnakrabbameini var tilkynnt um tilvik hjartabilana (þ. á m. hjartabilun, vinstri og hægri hjartabilun, hjarta- og lungnabilun, vanstarfsemi vinstra slegils, minnkað útfallsbrot og bilun hægri slegils) (sjá kafla 4.8).

Fylgjast á reglulega með merkjum eða einkennum hjartabilunar meðan á meðferð með axitinibi stendur. Meðhöndlun á tilvikum hjartabilunar getur krafist þess að notkun axitinibs sé hætt tímabundið eða fyrir fullt og allt og/eða að minnka þurfi skammta í meðferð með axitinibi.

Háþrýstingur

Háþrýstingur var mjög algengur í klínískum rannsóknum á notkun axitinibs til meðferðar við nýrnakrabbameini (sjá kafla 4.8).

Í klínískri samanburðarrannsókn var miðgildi tíma að upphafi háþrýstings (slagbilsþrýstingur > 150 mmHg eða hlébilsþrýstingur > 100 mmHg) innan fyrsta mánaðar axitinib meðferðar og hefur orðið vart við hækkaðan blóðþrýsting svo snemma sem 4 dögum eftir að meðferð með axitinibi hófst.

Blóðþrýstingur ætti að vera eðlilegur áður en meðferð með axitinibi hefst. Fylgjast á með háþrýstingi sjúklinga og meðhöndla eftir þörfum með venjubundnum meðferðarúrræðum við háþrýstingi. Ef háþrýstingur er þrálátur, þrátt fyrir meðferð með blóðþrýstingslækkandi lyfjum, ætti að minnka skammt axitinibs. Ef alvarlegur háþrýstingur kemur fram á að hætta notkun axitinibs tímabundið og hefja hana aftur með minni skömmtum þegar blóðþrýstingur er orðinn eðlilegur aftur. Ef meðferð með axitinibi er rofin á að fylgjast því hvort lágþrýstingur kemur fram hjá sjúklingum sem fá blóðþrýstingslækkandi lyf (sjá kafla 4.2).

Ef um er að ræða alvarlegan eða þrálátan háþrýsting og einkenni sem benda til afturkræfs aftara heilakvillaheilkennis (posterior reversible encephalopathy syndrome, PRES) (sjá hér að neðan) eru til staðar, ætti að íhuga segulómun á heila til greiningar.

Röskun á starfsemi skjaldkirtils

Í klínískum rannsóknum á notkun axitinibs til meðferðar við nýrnakrabbameini var tilkynnt um vanstarfsemi skjaldkirtils og sjaldnar um ofstarfsemi skjaldkirtils (sjá kafla 4.8).

Fylgjast á með starfsemi skjaldkirtils áður en meðferð með axitinibi hefst og öðru hvoru meðan á henni stendur. Meðhöndla á vanstarfsemi og ofstarfsemi skjaldkirtils með venjubundnum aðferðum til að viðhalda jafnvægi í starfsemi hans.

Segarek í slagæðum og blóðtappar

Tilkynnt var um segarek í slagæðum og blóðtappa (þ.m.t. skammvinnt blóðþurrðarkast (transient ischemic attack), drep í hjartavöðva, heilablóðfall og lokun sjónuslagæðar (retinal artery occlusion)) í klínískum rannsóknum á axitinibi (sjá kafla 4.8).

Gæta á varúðar við notkun axitinibs hjá sjúklingum sem eru í áhættuhóp fyrir eða hafa sögu um slíka kvilla. Axitinib hefur ekki verið rannsakað hjá sjúklingum sem höfðu fengið segarek í slagæðar eða blóðtappa á undangengnum 12 mánuðum.

Segarek í bláæðum og blóðtappar

Tilkynnt var um segarek í bláæðum og blóðtappa (þ.m.t. lungnasegarek, segamyndun í djúplægri bláæð og sjónubláæðalokun/segamyndun) í klínískum rannsóknum á axitinibi (sjá kafla 4.8).

Gæta á varúðar við notkun axitinibs hjá sjúklingum sem eru í áhættuhóp fyrir eða hafa sögu um slíka kvilla. Axitinib hefur ekki verið rannsakað hjá sjúklingum sem höfðu fengið segarek í bláæðar eða blóðtappa á undangengnum 6 mánuðum.

Hækkað blóðrauðagildi eða blóðkornaskil (haematocrit)

Við meðferð með axitinibi geta komið fram hækkuð gildi blóðrauða eða blóðkornaskila, sem endurspeglar aukinn massa rauðra blóðkorna (sjá kafla 4.8, Rauðkornadreyri (polycythemia)). Aukinn massi rauðra blóðkorna getur valdið aukinni hættu á segarekssjúkdómum.

Fylgjast á með gildum blóðrauða eða blóðkornaskila áður en meðferð með axitinibi hefst og öðru hvoru meðan á henni stendur. Ef gildi blóðrauða eða blóðkornaskila hækka yfir eðlileg mörk á að meðhöndla með venjubundnum aðferðum til að lækka blóðrauða eða blóðkornaskil í ásættanleg gildi.

Blæðing

Tilkynnt var um blæðingar í klínískum rannsóknum á axitinibi (sjá kafla 4.8).

Axitinib hefur ekki verið rannsakað hjá sjúklingum sem hafa ummerki ómeðhöndlaðra heilameinvarpa eða nýlegar virkar blæðingar frá meltingarvegi og ekki á að nota lyfið hjá slíkum sjúklingum. Ef þörf er á læknaaðstoð vegna blæðinga skal gera hlé á meðferð með axitinibi.

Slagæðargúlpur og flysjun slagæðar

Notkun lyfja sem hamla ferli æðapelsvaxtarþáttar (VEGF) hjá sjúklingum með eða án háþrýstings getur stuðlað að myndun slagæðargúlps og/eða flysjun slagæðar. Áður en notkun Inlyta er hafin skal hafa þessa hættu sérstaklega í huga hjá sjúklingum með áhættuþætti eins og háþrýsting eða sögu um slagæðargúlp.

Rof í meltingarvegi og myndun fistla

Tilkynnt var um rof í meltingarvegi og fistla í klínískum rannsóknum á axitinibi (sjá kafla 4.8).

Fylgjast á reglulega með einkennum um rof í meltingarvegi og fistla meðan á meðferð með axitinibi stendur.

Vandamál við sáragræðslu

Engar formlegar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum axitinibs á sáragræðslu.

Hætta á meðferð með axitinibi a.m.k. 24 klukkustundum fyrir skurðaðgerð. Ákvörðun um að hefja meðferð með axitinibi á ný eftir skurðaðgerð á að byggja á klínísku mati á því hvort sár gróa á fullnægjandi hátt.

Afturkræft aftara heilakvillaheilkenni (PRES)

Tilkynnt var um afturkræft aftara heilakvillaheilkenni (posterior reversible encephalopathy syndrome, PRES) í klínískum rannsóknum á axitinibi (sjá kafla 4.8).

Afturkræft aftara heilakvillaheilkenni er taugakvilli sem getur lýst sér sem höfuðverkur, flog, sinnuleysi, rugl, blindi og aðrar raskanir á sjón og taugakerfi. Vægur til alvarlegur háþrýstingur getur verið til staðar. Segulómun þarf til að staðfesta greiningu afturkræfs aftara heilakvillaheilkennis. Hætta á meðferð með axitinibi tímabundið eða fyrir fullt og allt hjá sjúklingum sem sýna merki eða einkennum afturkræfs aftara heilakvillaheilkennis. Öryggi þess að hefja meðferð með axitinibi á ný hjá sjúklingum sem áður hafa fengið afturkræft aftara heilakvillaheilkenni er ekki þekkt.

Próteinmiga

Tilkynnt var um próteinmigu, þ.m.t. af stigi 3 og 4, í klínískum rannsóknum á axitinibi (sjá kafla 4.8).

Ráðlagt er að fylgjast með próteinmigu áður en meðferð með axitinibi hefst og öðru hvoru meðan á henni stendur. Hjá sjúklingum sem fá miðlungs eða alvarlega próteinmigu á að minnka skammta eða gera tímabundið hlé á meðferð með axitinibi (sjá kafla 4.2). Meðferð með axitinibi skal hætt ef sjúklingur fær nýrungaheilkenni.

Lifartengdar aukaverkanir

Í klínískri samanburðarrannsókn á notkun axitinibs til meðferðar við nýrnakrabbameini var tilkynnt um lifartengdar aukaverkanir. Meðal algengustu lifartengdra aukaverkana voru hækkuð gildi alanín amínótransferasa (ALAT), aspartat amínótransferasa (ASAT) og gallrauði í blóði (sjá kafla 4.8). Ekki varð vart við samtímis hækkuð ALAT (> 3 sinnum efri mörk eðlilegra gilda) og gallrauði (> 2 sinnum efri mörk eðlilegra gilda).

Í klínískri rannsókn til skammtaákvörðunar sást samtímis hækkun ALAT (12 sinnum efri mörk eðlilegra gilda) og gallrauða (2,3 sinnum efri mörk eðlilegra gilda), sem talin var stafa af eituráhrifum lyfsins á lifur, hjá 1 sjúklingi sem fékk axitinib í upphafsskammtinum 20 mg tvisvar á sólarhring (4 sinnum ráðlagður upphafsskammtur).

Fylgjast á með gildum lifrarprófa áður en meðferð með axitinibi hefst og öðru hvoru meðan á henni stendur.

Skert lifrarstarfsemi

Í klínískum rannsóknum á axitinibi var almenn (systemic) útsetning fyrir axitinibi u.þ.b. tvöfalt meiri hjá sjúklingum með miðlungs skerta lifrarstarfsemi (Child-Pugh flokkur B) en hjá sjúklingum með eðlilega lifrarstarfsemi. Ráðlagt er að minnka skammta þegar sjúklingum með miðlungs skerta lifrarstarfsemi (Child-Pugh flokkur B) er gefið axitinib (sjá kafla 4.2).

Axitinib hefur ekki verið rannsakað hjá sjúklingum með alvarlega skerta lifrarstarfsemi (Child-Pugh flokkur C) og ætti ekki að nota lyfið hjá þessum sjúklingahópi.

Aldraðir (≥ 65 ára) og kynþættir

Í klínískri samanburðarrannsókn á notkun axitinibs til meðferðar við nýrnakrabbameini voru 34% þeirra sjúklinga sem fengu axitinib ≥ 65 ára. Meirihluti sjúklinga var af hvítum (77%) eða asískum (21%) kynþætti. Þó ekki sé hægt að útiloka að sumum eldri sjúklingum og sjúklingum af asískum kynþætti hætti frekar til að fá aukaverkanir sást enginn heildarmunur á öryggi og virkni axitinibs á milli sjúklinga sem voru ≥ 65 ára og þeirra sem yngri voru, né á milli sjúklinga af hvítum kynþætti og sjúklinga af öðrum kynþáttum.

Ekki er þörf skammtaöðlunar á grundvelli aldurs eða kynþáttar sjúklinga (sjá kafla 4.2 og 5.2).

Hjálparefni

Laktósi

Lyfið inniheldur laktósa. Sjúklingar með arfgengt galaktósaóþol, algjöran laktasaskort eða glúkósa-galaktósa vanfrásog, sem er mjög sjaldgæft, skulu ekki nota lyfið.

Natríum

Lyfið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverri filmuhúðaðri töflu, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Niðurstöður úr *in vitro* rannsóknum benda til þess að axitinib sé aðallega umbrotið af CYP3A4/5 og í minna mæli af CYP1A2, CYP2C19 og úridín tvífosfat-glúkúrónósýltransferasa (UGT) 1A1.

CYP3A4/5 hemlar

Ketókónazól, sem er öflugur CYP3A4/5 hemill, í skammtinum 400 mg einu sinni á sólarhring í 7 daga, jók meðalgildi svæðis undir sermispéttniferlinum (area under the curve, AUC) fyrir stakan 5 mg skammt af axitinibi til inntöku hjá heilbrigðum sjálfboðaliðum tvöfalt og C_{max} fyrir sama skammt 1,5-falt.

Samtímis notkun axitinibs og öflugra CYP3A4/5 hemla (t.d., ketókónazól, ítrakónazól, klaritromycín, erytromycín, atazanavír, indinavír, nefazodon, nelfinavír, ritonavír, sakvínavír og telitromycín) getur aukið þéttni axitinibs í plasma. Greipaldin getur einnig aukið þéttni axitinibs í plasma. Ráðlagt er að velja lyf til samtímis notkunar sem hafa lítill eða engin hamlandi áhrif á CYP3A4/5. Ef nauðsynlegt er að gefa öflugan CYP3A4/5 hemil samtímis er ráðlagt að breyta skömmtum af axitinibi (sjá kafla 4.2).

CYP1A2 og CYP2C19 hemlar

CYP1A2 og CYP2C19 eru ábyrg fyrir litlum hluta (<10%) umbrota axitinibs. Áhrif öflugra hemla þessara ísóensíma á lyfjahvörf axitinibs hafa ekki verið rannsökuð. Gæta skal varúðar vegna hættu á aukinni þéttni axitinibs í plasma hjá sjúklingum sem taka öfluga hemla þessara ísóensíma.

CYP3A4/5 virkjar

Rifampicin, sem er öflugur CYP3A4/5 virkjar, í skammtinum 600 mg einu sinni á sólarhring í 9 daga, minnkaði meðalgildi svæðis undir sermipéttniferlinum (AUC) fyrir stakan 5 mg skammt af axitinibi til inntöku hjá heilbrigðum sjálfboðaliðum um 79% og C_{max} fyrir sama skammt um 71%.

Samtímis notkun axitinibs og öflugra CYP3A4/5 virkja (t.d., rifampicin, dexametasón, fenýtóín, karbamazepín, rifabútín, rifapentín, fenóbarbital og *Hypericum perforatum* [jóhannesarjurt]) getur minnkað þéttni axitinibs í plasma. Ráðlagt er að velja lyf til samtímis notkunar sem hafa lítil eða engin örvandi áhrif á CYP3A4/5. Ef nauðsynlegt er að gefa öflugan CYP3A4/5 virkja samtímis er ráðlagt að breyta skömmtum af axitinibi (sjá kafla 4.2).

In vitro rannsóknir á CYP og UGT hemlun og virkjun

In vitro rannsóknir benda til þess að axitinib hamli ekki CYP2A6, CYP2C9, CYP2C19, CYP2D6, CYP2E1, CYP3A4/5 eða UGT1A1 við lækningalega þéttni í plasma.

In vitro rannsóknir benda til þess að axitinib geti hamlað CYP1A2. Því gæti samtímis notkun axitinibs og hvarfefna fyrir CYP1A2 leitt til aukinnar þéttni CYP1A2 hvarfegnanna (t.d. teófillíns) í plasma.

In vitro rannsóknir benda einnig til þess að axitinib geti hamlað CYP2C8. Samtímis gjöf axitinibs og paklítaxels, sem er vel þekkt hvarfefni fyrir CYP2C8, leiddi þó ekki til aukinnar þéttni paklítaxels í plasma hjá sjúklingum með langt gengið krabbamein, sem bendir til þess að hömlun á CYP2C8 hafi ekki klíniska þýðingu.

In vitro rannsóknir á lifrarfrumum úr mönnum benda einnig til þess að axitinib örvi ekki CYP1A1, CYP1A2 eða CYP3A4/5. Því er ekki búist við að samtímis notkun axitinibs minnki þéttni hvarfegna fyrir CYP1A1, CYP1A2 eða CYP3A4/5, sem gefin eru samtímis, *in vivo*.

In vitro rannsóknir á P-glýkópróteini

In vitro rannsóknir benda til þess að axitinib hamli P-glýkópróteini. Ekki er þó gert ráð fyrir að axitinib hamli P-glýkópróteini við lækningalega þéttni í plasma. Því er ekki búist við að samtímis notkun axitinibs auki þéttni digoxíns eða annarra hvarfegna fyrir P-glýkóprótein í plasma *in vivo*.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstagjöf

Meðganga

Engin gögn liggja fyrir um notkun axitinibs hjá þunguðum konum. Vegna lyfjafræðilegra eiginleika axitinibs getur það valdið fósturskaða ef þunguðum konum er gefið lyfið. Dýrarannsóknir hafa sýnt eiturvekanir á æxlun, þ.m.t. vanskapanir (sjá kafla 5.3). Ekki má nota axitinib á meðgöngu nema meðferð með lyfinu sé nauðsynleg vegna sjúkdómsástands konunnar.

Konur á barneignaraldri verða að nota örugga getnaðarvörn meðan á meðferðinni stendur og í allt að eina viku eftir að meðferð lýkur.

Brjóstagjöf

Ekki er þekkt hvort axitinib skilst út í brjóstamjólk. Ekki er hægt að útiloka hættu fyrir börn sem eru á brjósti. Konur sem hafa barn á brjósti eiga ekki að nota axitinib.

Frjósemi

Niðurstöður úr forklínískum rannsóknum benda til þess að axitinib geti skert æxlunarstarfsemi og frjósemi hjá mönnum (sjá kafla 5.3).

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Axitinib hefur lítil áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla. Benda á sjúklingum á að þeir geti fundið fyrir aukaverkunum svo sem sundli og/eða þreytu meðan á meðferð með axitinibi stendur.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt öryggisupplýsinga

Fjallað er nánar um eftirfarandi hættur og viðeigandi aðgerðir sem grípa á til í kafla 4.4: tilvik hjartabilana, háþrýstingur, vanstarfsemi skjaldkirtils, segarek í slagæðum og blóðtappar, segarek í bláæðum og blóðtappar, hækkað blóðrauðagildi eða blóðkornaskil, blæðingar, rof í meltingarvegi og myndun fistla, vandamál við sáragræðslu, afturkræft aftara heilakvillaheilkenni (PRES), próteinmiga og hækkuð gildi lifrarensíma.

Algengustu ($\geq 20\%$) aukaverkanir sem vart varð við eftir meðferð með axitinibi voru niðurgangur, háþrýstingur, þreyta, minnkuð matarlyst, ógleði, þyngdartap, raddtruflanir, handa-fóta heilkenni (palmar-plantar erythrodysaesthesia), blæðing, vanstarfsemi skjaldkirtils, uppköst, próteinmiga, hósti og hægðatregða.

Tafla yfir aukaverkanir

Tafla 1 sýnir aukaverkanir sem tilkynnt var um í sameinuðu gagnasafni 672 sjúklinga sem fengu axitinib í klínískum rannsóknum á meðhöndlun sjúklinga með nýrnakrabbamein (sjá kafla 5.1). Aukaverkanir eftir markaðssetningu sem hafa komið fram í klínískum rannsóknum eru einnig taldar með.

Aukaverkanir eru taldar upp eftir líffæraflokki, tíðni og alvarleika. Tíðniflokkar eru: mjög algengar ($\geq 1/10$), algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$), sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$), mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$), koma örsjaldan fyrir ($< 1/10.000$) og tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum). Fyrirliggjandi upplýsingar um öryggi axitinibs eru ekki nógu umfangsmiklar til að greina mjög sjaldgæfar aukaverkanir og aukaverkanir sem koma örsjaldan fyrir.

Aukaverkanir voru flokkaðar eftir heildartíðni í sameinuðum gögnum úr klínísku rannsóknum. Innan hvers líffæraflokks og tíðniflokks eru alvarlegustu aukaverkanirnar taldar fyrst.

Tafla 1. Aukaverkanir sem tilkynnt var um hjá sjúklingum sem fengu axitinib í rannsóknum á nýrnakrabbameini (N = 672)

Líffæraflokkur	Tíðniflokkur	Aukaverkun ^a	Öll stig ^b %	Stig 3 ^b %	Stig 4 ^b %
Blóð og eitlar	Algengar	Blóðleysi	6,3	1,2	0,4
		Blóðflagnafæð	1,6	0,1	0
		Rauðkornadreyri ^c	1,5	0,1	0
	Sjaldgæfar	Daufkyrningafæð	0,3	0,1	0
		Hvítfrumnafæð	0,4	0	0
Innkirtlar	Mjög algengar	Vanstarfsemi skjaldkirtils ^c	24,6	0,3	0
	Algengar	Ofstarfsemi skjaldkirtils ^c	1,6	0,1	0,1
Efnaskipti og	Mjög algengar	Minnkuð matarlyst	39,0	3,6	0,3

Líffæraflokkur	Tíðniflokkur	Aukaverkun ^a	Öll stig ^b %	Stig 3 ^b %	Stig 4 ^b %
	Algengar	Ofþornun	6,7	3,1	0,3
		Hækkað gildi kalíums í blóði	2,7	1,2	0,1
		Hækkað gildi kalsíums í blóði	2,2	0,1	0,3
Taugakerfi	Mjög algengar	Höfuðverkur	16,2	0,7	0
		Bragðtruflanir	11,5	0	0
	Algengar	Sundl	9,1	0,6	0
	Sjaldgæfar	Afturkræft aftara heilakvillaheilkenni ^c	0,3	0,1	0
Eyru og vöndarhús	Algengar	Eyrnasuð	3,1	0	0
Hjarta	Algengar	Tilvik hjartabilana ^{c,d,f}	1,8	0,3	0,7
Æðar	Mjög algengar	Háprýstingur ^g	51,2	22,0	1,0
		Blæðing ^{c,d,h}	25,7	3,0	1,0
	Algengar	Segarek í bláæðum og blóðtappar ^{c,d,i}	2,8	0,9	1,2
		Segarek í slagæðum og blóðtappar ^{c, d,j}	2,8	1,2	1,3
	Tíðni ekki þekkt	Slagæðargúlpur og flysjun slagæðar ^d	-	-	-
Öndunarfæri, brjósthol og miðmæti	Mjög algengar	Mæði ^d	17,1	3,6	0,6
		Hósti	20,4	0,6	0
		Raddtruflanir	32,7	0	0,1
	Algengar	Verkur í munni og koki	7,4	0	0
Meltingarfæri	Mjög algengar	Niðurgangur	55,4	10,1	0,1
		Uppköst	23,7	2,7	0,1
		Ógleði	33,0	2,2	0,1
		Kviðverkur	14,7	2,5	0,3
		Hægðatregða	20,2	1,0	0
		Munnbólga	15,5	1,8	0
		Meltingartruflanir	11,2	0,1	0
	Algengar	Verkur í efri hluta kviðarhols	9,4	0,9	0
		Vindgangur	4,5	0	0
		Gyllinæð	3,3	0	0
		Tunguhvot	2,8	0	0
		Rof og fistill í meltingarvegi ^{e,k}	1,9	0,9	0,3
Lifur og gall	Algengar	Gallrauðablæði	1,3	0,1	0,1
		Gallblöðrubólga ⁿ	1,0	0,6	0,1
Húð og undirhúð	Mjög algengar	Handa-fóta heilkenni	32,1	7,6	0
		Útbrot	14,3	0,1	0
		Húðþurrkur	10,1	0,1	0
	Algengar	Kláði	6,0	0	0
		Hörundsroði	3,7	0	0
		Hárlos	5,7	0	0
Stoðkerfi og bandvefur	Mjög algengar	Liðverkur	17,7	1,9	0,3
		Verkur í útlimum	14,1	1,0	0,3
	Algengar	Vöðvaverkur	8,2	0,6	0,1
Nýru og þvægfæri	Mjög algengar	Próteinmiga ^l	21,1	4,8	0,1

Líffæraflokkur	Tíðniflokkur	Aukaverkun ^a	Öll stig ^b %	Stig 3 ^b %	Stig 4 ^b %
	Algengar	Nýrnabilun ^m	1,6	0,9	0,1
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað	Mjög algengar	Þreyta	45,1	10,6	0,3
		Þróttleysi ^d	13,8	2,8	0,3
		Bólga í slímhúð	13,7	1,0	0
Rannsóknaniðurstöður	Mjög algengar	Þyngdartap	32,7	4,9	0
	Algengar	Hækkað gildi lípasa	3,7	0,7	0,7
		Hækkað gildi analín amínótransferasa	6,5	1,2	0
		Hækkað gildi amýlase	3,4	0,6	0,4
		Hækkað gildi aspartat amínótransferasa	6,1	1,0	0
		Hækkað gildi alkalíns fosfatasa	4,8	0,3	0
		Hækkað gildi kreatínins	5,7	0,4	0
		Hækkað gildi skjaldvakahormóns	7,9	0	0

^a Aukaverkanir samkvæmt meðferðartengdri tíðni af öllum orsökum.

^b Aukaverkanaviðmið bandarísku krabbameinsstofnunarinnar (National Cancer Institute Common Terminology Criteria for Adverse Events), 3. útgáfa.

^c Sjá kaflann Lýsing valinna aukaverkana.

^d Tilkynnt var um banvæn tilvik (stig 5).

^e Þar á meðal innlyksuheilabólga.

^f Þar á meðal hjartabilun, blóðfylluhjartabilun, hjarta- og lungnabilun, minnkað útfallsbrot, vanstarfsemi vinstri slegils og bilun hægri slegils.

^g Þar á meðal illkynja háþrýstingur (accelerated hypertension), blóðþrýstingshækkun, háþrýstingur og lífshættulegur háþrýstingur.

^h Þar á meðal lengdur virkjaður tromboplastíntími, blæðing frá endaparmi, slagæðablæðing, blóð í þvagi, blæðing í miðtaugakerfi, heilablæðing, lengdur blóðstorkunartími, tárublæðing, mar, blóðugur niðurgangur, óregluleg blæðing frá legi, blóðnasir, magablæðing, blæðing frá meltingarvegi, blæðing úr tannholdi, blóðuppköst, blóðhægðir, lækkuð blóðkornaskil, margúll, blóðmiga, lækkað blóðrauðagildi, blóðhósti, blæðing, kransæðablæðing, blæðing frá þvagfærum, gyllinæðarblæðing, blæðingarstöðvun, aukin tilhneiging til að fá mar, hækkað alþjóðlegt staðlað hlutfall (INR), blæðingar frá neðri hluta meltingarvegjar, sortusaur, depilblæðing, blæðing frá koki, lengdur prótrombintími, blæðing frá lungum, purpuri, endaparmsblæðing, fækkun rauðra blóðkorna, blæðing frá nýrum, blæðing frá hvítu, blóðgúll í pung, margúll í milta, flísablæðing, innanskúmsblæðing, blæðing frá tungu, blæðing frá efri hluta meltingarvegjar og blæðing frá leggöngum.

ⁱ Þar á meðal Budd-Chiari heilkenni, segamyndun í djúplægri bláæð, segamyndun í hóstarbláæð, segamyndun í grindarholsláæð, lungnasegarek, sjónubláæðalokun, segamyndun í sjónubláæð, segamyndun í viðbeinsbláæð, segamyndun í bláæð og segamyndun í útlimabláæð.

^j Þar á meðal brátt hjartadrep, segamyndun, hjartadrep, sjónuslagæðarlokun og skammvinnt blóðþurrðarkast.

^k Rof í meltingarvegi og fistill fela í sér eftirfarandi kjörheiti: graftarkýli í kviðarholi, graftarkýli í endaparmi, fistill í endaparmi, fistill, leki frá samgötun í meltingarvegi, rof í meltingarvegi, ristilrof, vélindaberkjufistill og lífhimnubólga.

^l Próteinmiga felur í sér eftirfarandi kjörheiti: próteinþvag, prótein í þvagi og próteinmiga.

^m Þar á meðal bráð nýrnabilun.

ⁿ Gallblöðrubólga felur í sér bráða gallblöðrubólgu, gallblöðrubólgu, gallblöðrubólgu með sýkingu.

Lýsing valinna aukaverkana

Tilvik hjartabilana (sjá kafla 4.4)

Í klínískri samanburðarrannsókn á notkun axitinibs (N = 359) til meðferðar við nýrnakrabbameini var tilkynnt um tilvik hjartabilana hjá 1,7% sjúklinga sem fengu axitinib, þ. á m. hjartabilun (0,6%), hjarta- og lungnabilun (0,6%), vanstarfsemi vinstra slegils (0,3%) og bilun hægri slegils (0,3%). Tilkynnt var um aukaverkanir með hjartabilun af stigi 4 hjá 0,6% sjúklinga sem fengu axitinib. Tilkynnt var um banvæna hjartabilun hjá 0,6% sjúklinga sem fengu axitinib.

Í rannsóknum á axitinibi sem einlyfjameðferð (N = 672) til meðferðar við nýrnakrabbameini var tilkynnt um hjartabilunir (þ. á m. hjartabilun, vinstri og hægri hjartabilun, hjarta- og lungnabilun, vanstarfsemi vinstra slegils, minnkað útfallsbrot og bilun hægri slegils) hjá 1,8% sjúklinga sem fengu axitinib. Tilkynnt var um hjartabilun af stigi 3/4 hjá 1,0% sjúklinga og banvæna hjartabilun hjá 0,3% sjúklinga sem fengu axitinib.

Röskun á starfsemi skjaldkirtils (sjá kafla 4.4)

Í klínískri samanburðarrannsókn á notkun axitinibs til meðferðar við nýrnakrabbameini var tilkynnt um vanstarfsemi skjaldkirtils hjá 20,9% sjúklinga og ofstarfsemi skjaldkirtils hjá 1,1% sjúklinga. Tilkynnt var um hækkað gildi skjaldvakahormóns (thyroid stimulating hormone, TSH) sem aukaverkun hjá 5,3% sjúklinga sem fengu axitinib. Við hefðbundnar mælingar á rannsóknarstofu hjá sjúklingum sem höfðu TSH < 5 µU/ml fyrir meðferð mældist hækking TSH í ≥10 µU/ml hjá 32,2% sjúklinga sem fengu axitinib.

Í sameinuðum klínískum rannsóknum á notkun axitinibs (N = 672) til meðferðar við nýrnakrabbameini var tilkynnt um vanstarfsemi skjaldkirtils hjá 24,6% sjúklinga sem fengu axitinib. Tilkynnt var um ofstarfsemi skjaldkirtils hjá 1,6% sjúklinga sem fengu axitinib.

Segarek í bláæðum og blóðtappa (sjá kafla 4.4)

Í klínískri samanburðarrannsókn á notkun axitinibs til meðferðar við nýrnakrabbameini var tilkynnt um segarek í bláæðum og blóðtappa sem aukaverkun hjá 3,9% sjúklinga sem fengu axitinib, þ.m.t. lungnasegarek (2,2%), sjónubláæðalokun/segamyndun (0,6%) og segamyndun í djúplægri bláæð (0,6%). Tilkynnt var um tilvik segareks í slagæðum og blóðtappa af stigi 3/4 hjá 3,1% sjúklinga sem fengu axitinib. Tilkynnt var um banvænt lungnasegarek hjá einum sjúklingi (0,3%) sem fékk axitinib.

Í sameinuðum klínískum rannsóknum á notkun axitinibs (N = 672) til meðferðar við nýrnakrabbameini var tilkynnt um segarek í bláæðum og blóðtappa hjá 2,8% sjúklinga sem fengu axitinib. Tilkynnt var um segarek í bláæðum og blóðtappa af stigi 3 hjá 0,9% sjúklinga. Tilkynnt var um segarek í bláæðum og blóðtappa af stigi 4 hjá 1,2% sjúklinga. Tilkynnt var um banvænt segarek í bláæðum og blóðtappa hjá 0,1% sjúklinga sem fengu axitinib.

Segarek í slagæðum og blóðtappa (sjá kafla 4.4)

Í klínískri samanburðarrannsókn á notkun axitinibs til meðferðar við nýrnakrabbameini var tilkynnt um tilvik segareks í slagæðum og blóðtappa hjá 4,7% sjúklinga sem fengu axitinib, þar á meðal drep í hjartavöðva (1,4%), skammvinnt blóðþurrðarkast (0,8%) og heilablóðfall (0,6%). Tilkynnt var um banvænt bráðadrep í hjartavöðva hjá einum sjúklingi (0,3%) og banvænt heilablóðfall hjá einum sjúklingi (0,3%). Í rannsóknum á axitinibi sem einlyfjameðferð (N = 850) var tilkynnt um segarek í slagæðum og blóðtappa (þ.m.t. skammvinnt blóðþurrðarkast, drep í hjartavöðva og heilablóðfall) hjá 5,3% sjúklinga sem fengu axitinib.

Í sameinuðum klínískum rannsóknum á notkun axitinibs (N = 672) til meðferðar við nýrnakrabbameini var tilkynnt um segarek í slagæðum og blóðtappa hjá 2,8% sjúklinga sem fengu axitinib. Tilkynnt var um segarek í slagæðum og blóðtappa af stigi 3 hjá 1,2% sjúklinga. Tilkynnt var um segarek í slagæðum og blóðtappa af stigi 4 hjá 1,3% sjúklinga. Tilkynnt var um banvænt segarek í slagæðum og blóðtappa hjá 0,3% sjúklinga sem fengu axitinib.

Rauðkornadreyri (sjá Hækkað blóðrauðagildi eða blóðkornaskil í kafla 4.4)

Í klínískri samanburðarrannsókn á notkun axitinibs til meðferðar við nýrnakrabbameini var tilkynnt um rauðkornadreyra hjá 1,4% sjúklinga sem fengu axitinib. Við hefðbundnar mælingar á rannsóknarstofu mældist hækkað gildi blóðrauða yfir efri mörkum eðlilegra gilda hjá 9,7% sjúklinga sem fengu axitinib. Í fjórum klínískum rannsóknum á notkun axitinibs til meðferðar við nýrnakrabbameini (N = 537) mældist hækkað gildi blóðrauða yfir efri mörkum eðlilegra gilda hjá 13,6% sjúklinga sem fengu axitinib.

Í sameinuðum klínískum rannsóknum á notkun axitinibs (N = 672) til meðferðar við nýrnakrabbameini var tilkynnt um rauðkornadreyra hjá 1,5% sjúklinga sem fengu axitinib.

Blæðing (sjá kafla 4.4)

Í klínískri samanburðarrannsókn á notkun axitinibs til meðferðar við nýrnakrabbameini, þar sem sjúklingar með ómeðhöndluð heilaæxli voru undanskildir, var tilkynnt um blæðingar hjá 21,4% sjúklinga sem fengu axitinib. Blæðingar hjá sjúklingum sem fengu axitinib voru meðal annars blóðnasir (7,8%), blóð í þvagi (3,6%), blóðhósti (2,5%), blæðing frá endaþarmi (2,2%), blæðing úr tannholdi (1,1%), magablæðing (0,6%), heilablæðing (0,3%) og blæðing frá neðri hluta meltingarvegar (0,3%). Tilkynnt var um blæðingar af stigi ≥ 3 hjá 3,1% sjúklinga sem fengu axitinib (þ.m.t. heilablæðing, magablæðing, blæðing frá neðri hluta meltingarvegar og blóðhósti). Tilkynnt var um banvæna blæðingu hjá einum sjúklingi (0,3%) sem fékk axitinib (magablæðing). Í rannsóknum á axitinibi sem einlyfjameðferð (N = 850) kom blóðhósti fyrir hjá 3,9% sjúklinga. Blóðhósti af stigi ≥ 3 kom fyrir hjá 0,5% sjúklinga.

Í sameinuðum klínískum rannsóknum á notkun axitinibs (N = 672) til meðferðar við nýrnakrabbameini var tilkynnt um blæðingar hjá 25,7% sjúklinga sem fengu axitinib. Tilkynnt var um blæðingar af stigi 3 hjá 3% sjúklinga. Tilkynnt var um blæðingar af stigi 4 hjá 1% sjúklinga og tilkynnt var um banvæna blæðingu hjá 0,4% sjúklinga sem fengu axitinib.

Rof í meltingarvegi og myndun fistla (sjá kafla 4.4)

Í klínískri samanburðarrannsókn á notkun axitinibs til meðferðar við nýrnakrabbameini var tilkynnt um mismunandi tilvik rofs í meltingarvegi hjá 1,7% sjúklinga sem fengu axitinib, þar á meðal fistil í endaþarmi (0,6%), fistil (0,3%) og rof í meltingarvegi (0,3%). Í rannsóknum á axitinibi sem einlyfjameðferð (N = 850) var tilkynnt um mismunandi tilvik rofs í meltingarvegi hjá 1,9% sjúklinga og banvænt rof í meltingarvegi kom fyrir hjá einum sjúklingi (0,1%).

Í sameinuðum klínískum rannsóknum á notkun axitinibs (N = 672) til meðferðar við nýrnakrabbameini var tilkynnt um rof í meltingarvegi og myndun fistla hjá 1,9% sjúklinga sem fengu axitinib.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá viðauka V.

4.9 Ofskömmtnun

Engin sértæk meðferð er til við ofskömmtnun axitinibs.

Í klínískri samanburðarrannsókn á notkun axitinibs til meðferðar við nýrnakrabbameini fékk einn sjúklingur af vangá 20 mg skammt tvisvar á sólarhring í 4 daga og fann hann fyrir sundli (stig 1).

Í klínískri rannsókn á axitinibi til skammtaákvörðunar fundu sjúklingar sem fengu 10 mg eða 20 mg tvisvar á sólarhring sem upphafsskammt fyrir aukaverkunum, þ.m.t. háþrýstingi, háþrýstingstengdum flogum og banvænum blóðhósta.

Ef grunur leikur á um ofskömmtnun á að hætta gjöf axitinibs og veita viðeigandi stuðningsmeðferð.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Æxlishefjandi lyf, prótein kínasa hemlar, ATC flokkur: L01EK01

Verkunarháttur

Axitinib er öflugur og sértækur hemill á týrosín kínasa í viðtökum fyrir æðabelsvaxtarþátt (vascular endothelial growth factor receptors), VEGFR-1, VEGFR-2 og VEGFR-3. Þessir viðtakar koma við sögu í meinvirkri nýmyndun æða, æxlisvexti og framvindu krabbameins með meinvörpum. Sýnt hefur verið fram á að axitinib er öflugur hemill á VEGF-miðlaða fjölgun og lifun æðabelsfrumna. Axitinib hemur fosforyleringu VEGFR-2 í ósamgena græðlingum (xenograft) æða úr æxlum sem tjá markefnið (viðtakann) *in vivo* og veldur seinkun á æxlisvexti, hopun æxlis og hindrun meinvarpa í mörgum krabbameinslíkönum.

Áhrif á QTc bil

Í slembiraðaðri víxlunarrannsókn var 35 heilbrigðum einstaklingum gefinn stakur skammtur (5 mg) af axitinibi til inntöku bæði með og án 400 mg af ketókónazóli í 7 daga. Niðurstöður rannsóknarinnar bentu til að allt að tvöfalt meiri útsetning fyrir axitinibi í plasma en áætluð lækningaleg gildi eftir 5 mg skammt valdi ekki klínískt marktækri lengingu QT bils.

Klínísk verkun og öryggi

Öryggi og verkun axitinibs var metið í slembiraðaðri, opinni, fjölsetra 3. stigs rannsókn. Sjúklingum (N = 723) með langt gengið nýrnakrabbamein, sem hafði versnað meðan á einni fyrri almennri lyfjameðferð stóð eða eftir að henni lauk, þ.m.t. meðferð sem innihélt sunitiníb, bevacizúmab, temsirolímus eða cýtókín, var slembiraðað (1:1) í hópa sem fengu axitinib (N = 361) eða sorafenib (N = 362). Aðalmælibreytan, lifun án versnunar sjúkdóms (PFS), var metin af óháðum, blinduðum matsaðilum. Viðbótarmælibreytur voru hlutlæg svörun (objective response rate, ORR) og heildarlifun (OS).

Af sjúklingunum sem tóku þátt í rannsókninni höfðu 389 (53,8%) fengið eina fyrri meðferð sem innihélt sunitiníb, 251 (34,7%) höfðu fengið eina fyrri meðferð sem innihélt cýtókín (interleukín-2 eða interferon-alfa), 59 (8,2%) höfðu fengið eina fyrri meðferð sem innihélt bevacizúmab og 24 (3,3%) höfðu fengið eina fyrri meðferð sem innihélt temsirolímus. Í upphafi rannsóknar voru lýðfræðilegar breytur og sjúkdómsstaða svipaðar hjá hópnum sem fékk axitinib og hópnum sem fékk sorafenib, með tilliti til aldurs, kyns, kynþáttar, ECOG færnistuðuls, búsetu og fyrri meðferðar.

Hjá heildarþýði sjúklinga og tveimur aðalundirhópum (fyrri sunitinib meðferð og fyrri cýtókín meðferð) var tölfræðilega marktækur munur með tilliti til aðalmælibreytunnar lifun án versnunar sjúkdóms, axitinibi í hag miðað við sorafenib (sjá töflu 2 og mynd 1). Miðgildi lifunar án versnunar sjúkdóms var mismunandi í undirhópnum sem fengu mismunandi fyrri meðferðir. Tveir af undirhópnum voru of litlir fyrir áreiðanlegar niðurstöður (fyrri temsirolímus meðferð eða fyrri bevacizúmab meðferð). Enginn tölfræðilega marktækur munur var á milli heildarlifunar í heildarþýði eða í tveimur undirhópnum sem fengu fyrri meðferð.

Tafla 2. Niðurstöður varðandi verkun

Mælibreyta/rannsóknarþýði	axitinib	sorafenib	Áhættuhlutfall (95% öryggismörk)	p-gildi
Heildarþýði sem meðhöndla á (overall ITT)	N = 361	N = 362		
Miðgildi PFS ^{a,b} í mánuðum (95% CI)	6,8 (6,4; 8,3)	4,7 (4,6; 6,6)	0,67 (0,56; 0,81)	< 0,0001 ^c
Miðgildi OS ^d í mánuðum (95% CI)	20,1 (16,7; 23,4)	19,2 (17,5; 22,3)	0,97 (0,80; 1,17)	NS
ORR ^{h,c} (95% CI)	19,4 (15,4; 23,9)	9,4 (6,6; 12,9)	2,06 ^f (1,41; 3,00)	0,0001 ^g
Fyrri sunitinib meðferð	N = 194	N = 195		
Miðgildi PFS ^{a,b} í mánuðum (95% CI)	4,8 (4,5; 6,5)	3,4 (2,8; 4,7)	0,74 (0,58; 0,94)	0,0063 ^h
Miðgildi OS ^d í mánuðum (95% CI)	15,2 (12,8; 18,3)	16,5 (13,7; 19,2)	1,00 (0,78; 1,27)	NS
ORR ^{b,e} % (95% CI)	11,3 (7,2; 16,7)	7,7 (4,4; 12,4)	1,48 ^f (0,79; 2,75)	NS
Fyrri cytókín meðferð	N = 126	N = 125		
Miðgildi PFS ^{a,b} í mánuðum (95% CI)	12,0 (10,1; 13,9)	6,6 (6,4; 8,3)	0,52 (0,38; 0,72)	< 0,0001 ^h
Miðgildi OS í mánuðum (95% CI)	29,4 (24,5; NE)	27,8 (23,1; 34,5)	0,81 (0,56; 1,19)	NS
ORR ^{b,e} % (95% CI)	32,5 (24,5; 41,5)	13,6 (8,1; 20,9)	2,39 ^f (1,43-3,99)	0,0002 ⁱ

CI = öryggismörk, Áhættuhlutfall (axitinib/sorafenib); ITT: sjúklingahópur sem meðhöndla á (Intent-to-treat); NE= ekki metið; NS=ekki tölfærðilega marktækt; ORR= hlutlæg svörun; OS=heildarlifun; PFS= lifun án versnunar sjúkdóms.

^a Tími frá slembiröðun að framvindu sjúkdóms eða dauða, hvort sem gerist fyrir. Lokadagur: 3. Júní 2011.

^b Byggist á óháðu mati á myndgreiningu samkvæmt RECIST (Response Evaluation Criteria in Solid Tumours).

^c Einhliða p-gildi samkvæmt log-rank prófi á meðferðarhópum, lagskipt eftir ECOG færnistuðli og fyrri meðferð.

^d Lokadagur: 1. nóvember 2011.

^e Lokadagur: 31. ágúst 2010.


^f Áhættuhlutfall fyrir hlutlæga svörun. Áhættuhlutfall > 1 bendir til þess að meiri líkur séu á svörun hjá hópnum sem fékk axitinib; áhættuhlutfall < 1 bendir til þess að meiri líkur séu á svörun hjá hópnum sem fékk sorafenib.

^g Einhliða p-gildi samkvæmt Cochran-Mantel-Haenszel prófi á meðferðarhópum, lagskipt eftir ECOG færnistuðli og fyrri meðferð.


^h Einhliða p-gildi samkvæmt log-rank prófi á meðferðarhópum, lagskipt eftir ECOG færnistuðli.

ⁱ Einhliða p-gildi samkvæmt Cochran-Mantel-Haenszel prófi á meðferðarhópum, lagskipt eftir ECOG færnistuðli.


Mynd 1. Kaplan-Meier graf af lifun án versnunar sjúkdóms samkvæmt óháðu mati á heildarþýði



Mynd 2. Kaplan-Meier graf af lifun án versnunar sjúkdóms samkvæmt óháðu mati á undirhópi sem áður fékk sunitinib meðferð



Mynd 3. Kaplan-Meier graf af lifun án versnunar sjúkdóms samkvæmt óháðu mati á undirhópi sem áður fékk cytókín meðferð



Börn

Lyfjastofnun Evrópu hefur fallið frá kröfu um að lagðar verði fram niðurstöður úr rannsóknum á axitinibi hjá öllum undirhópum barna við krabbameini í nýrum og nýrnaskjóðu (að undanskildu nýrnakímsæxli (nephroblastoma), forstíg nýrnakímsæxlis (nephroblastomatosis), sarkmein (clear cell sarcoma), nýrnakirtilssarkmein hjá fóstri eða nýbura (mesoblastic nephroma), krabbamein í nýrnamergr (renal medullary carcinoma) og staflaga æxli í nýra (rhabdoid tumour of the kidney) (sjá upplýsingar í kafla 4.2 um notkun handa börnum).

5.2 Lyfjahvörf

Eftir inntöku axitinib taflna var heildaraðgengi (absolute bioavailability) að meðaltali 58% af því sem það var eftir gjöf í æð. Helmingunartími axitinibs í plasma er á bilinu 2,5 til 6,1 klukkustund. 5 mg skammtur af axitinibi tvisvar á sólarhring leiddi til minna en tvöfaldrar uppsöfnunar miðað við stakan skammt. Með tilliti til skamms helmingunartíma axitinibs er gert ráð fyrir að jafnvægi náist innan 2 til 3 daga frá upphafsskammti.

Frásog og dreifing

Hámarkspéttni axitinibs í plasma náðist yfirleitt innan 4 klukkustunda eftir inntöku og var miðgildi T_{max} á bilinu 2,5 til 4,1 klukkustund. Gjöf axitinibs eftir miðlungs feita máltíð leiddi til 10% minni útsetningar en eftir næturlanga föstu. Feit og hitaæiningarík máltíð leiddi til 19% meiri útsetningar en eftir næturlanga föstu. Gefa má axitinib með eða án fæðu (sjá kafla 4.2).

